

Atvinnumál

Svandís, Oddný, Þorleifur, Rafn, Sigurlaug, Ragnar Sær, Ellý.

Tjarnarbúð

Kl. 14-15.30

Lagt fram: Minnisblað borgarhagfræðings (4. des. 2008), Minnisblað velferðarsviðs um félagslegar afleiðingar atvinnuleysi (nóv. 2008), lög um atvinnuleysistryggingar, Átaksverkefni –skýrsla nefndar á vegum borgarráðs (nóv. 1994), Um atvinnumál (júní 1994)

Verkefnið framundan

Svandís gerði grein fyrir verkefni starfshópsins, sem falið er að fylgjast með þróun og meta áhrif atvinnuleysis.

Minnisblað borgarhagfræðings

Sigurður fór yfir framlagt minnisblað um atvinnuleysi. Þar kom fram að mikil aukning hefur verið á atvinnuleysi síðustu vikur, á landsvísu úr 4.000 í lok október í 7.000 í byrjun desember. Atvinnuleysi er mest meðal yngra fólks og mest meðal þeirra sem eru með litla menntun. Um 20% atvinnulausra eru erlendir ríkisborgarar. Hópuþagnir á árinu taka til um 5.000 launþega þar af 3.000 í október.

Í umræðum voru reifaðar margar hugmyndir. M.a. um að hafa samband við önnur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu, aðkoma lífeyrissjóða til að koma í veg fyrir atvinnuleysi og aðstoð til erlendra ríkisborgara til að flytjast af landi brott. Þá var óskað eftir að fá minnisblað frá mannauðsstjóra um ráðningar hjá borginni í dag.

Félagslegar afleiðingar atvinnuleysis

Ellý fór yfir aðkomu Velferðarsviðs að málum atvinnulausra, en á sviðinu er starfandi þriggja manna teymi sem fer yfir þessi mál. Fjallaði Ellý um minnisblaði sviðsins um félagslegar afleiðingar atvinnuleysis. Áhersla er lögð á virkni og þátttöku atvinnulausra og um þá þætti sem Reykjavíkurborg þarf sérstaklega að hafa í huga við mótun stefnu.

Svandís benti á möguleika að veita atvinnulausum þjónustu án endurgjalds og á mikilvægi félagslífs eftir skóla. Áætla þyrfti hvers kostnaður af þessu gæti verið. Huga þurfi að lausu húsnæði á vegum borgarinnar til að auka félagslegan stuðning með ýmsum hætti, s.s. til að virkja nýsköpun eða rjúfa félagslega einangrun. Mikilvægt er að læra af reynslu Finna frá kreppunni í upphafi 10. áratugarins.

Ragnar Sær lagði áherslu á virkja fólk og koma í veg fyrir að nokkur verði atvinnulaus. Nota þarf félagsmiðstöðvar og fá fjármagn frá lífeyrissjóðum og atvinnuleysistryggingasjóði.

Sigurlaug upplýsti að grunnatvinnuleysisbætur væru 136 þús. kr. á mánuði en 220 þús. hámark tekjutengdra bóta. Sagðist hún halda að hækka ætti bætur upp í 154 þús. kr. 1. janúar.

Varðandi endurgjaldslausu þjónustu fyrir atvinnulausa sagði Ellý að það þyrfi að ákveða hvort það væri „yfir línuna“ eða hvort meta ætti einstök tilfelli.

Þorleifur benti á ýmsan afleiddan kostnað af atvinnuleysi fyrir utan tekjutap og aðrar beinar greiðslur sem þyrfti að meta.

Oddný benti á að atvinnumálin væru ekki lengur á könnu sveitarfélaganna og að því leyti væri aðstaðan önnur en var þegar atvinnuleysi var síðast sem mest.

Næstu fundir

Ákveðið að hafa fasta fundi á fimmtudögum kl. 15.30-16.30.